

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 122 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 13. apríl 2023 kl. 16:00

Í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir, Agnes Einarsdóttir, Rannveig Ísfjörð og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. Breyting á gjaldskrá

Lagt er til að gjaldskrá Herjólfss hækki um 9% á farþega og farartæki frá 5. maí 2023. Gjald fyrir kojur/klefa, atvinnutæki og stærri flutninga mun haldast óbreytt.

Framlög ríkisins til rekstrarins hafa lækkað um 145 milljónir króna á samningstímanum auk þess hefur allur rekstrarkostnaður hækkað. Ferjuvísitala er gjaldskrár viðmið í rekstri Herjólfss ohf. og hefur hún á sama tíma hækkað um 19,65% en hún breytist í samræmi við launavísitölu (60%), byggingarvísitölu (20%), rafmagn (15%) og hafnargjöld (5%). Olíukostnaður er ekki inni ferjuvísitölunni en hann hefur einnig hækkað umtalsvert á samningstímanum.

Niðurstaða: Gjaldskrá Herjólfss hækkaði síðast 1. janúar 2023 og var reynt að hafa þá hækkun eins milda og hægt var enda eitt af markmiðum félagsins að hafa hóflega gjaldskrá. Nú er ljóst að sú hækkun endurspeglar ekki þær kostnaðarhækkunir sem hafa verið á flestum rekstrarliðum félagsins og þá lækkingu á framlagi ríkisins til rekstrarins. Stjórn Herjólfss samþykkir hækkun á gjaldskrá Herjólfss til að tryggja áframhaldandi framúrskarandi þjónustu. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leita samþykkis Vegagerðar og bæjarráðs fyrir þessum breytingum.

Næsti stjórnarfundur er fyrir boðaðan aðalfund í maí.

Fundi slitið kl. 17:10

Fundargerð ritaði Rannveig Ísfjörð